



Jólasýning Listhlaupadeildar Skautafélags Reykjavíkur fór fram í gær í Skautahöllinni í Laugardal. Sýningin var hin glæsilegasta en nemendur sýndu sína útgáfu af Jólasögu eftir Charles Dickens. Þessar skautadrottningar renndu sér tignarlega eftir svellinu iklæddar búningum sem minna á þriðja áratug síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um Kevi. **16**

SPORT Draumadráttur fyrir strákana okkar í París. **18-20**

MENNING Af sjónvarpsóperu. **26**

LÍFIÐ Ólafur Darri leikur í nýrri stuttmynd Nönnu Kristínar. **34**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Loftslagsmálin komin í höfn

UMHVERFI Almenn ánægja ríkir með nýtt loftslagssamkomulag sem samþykkt var í París á laugardag.

Umhverfisráðherra segir að erfitt sé að meta til hvaða aðgerða íslensk fyrirtæki og almenningur þurfi að grípa svo að markmið um losun gróðurhúsalofttegunda náist. Fyrst og fremst þurfi að eiga sér stað hugarfarsbreyting.

Markmið samkomulagsins er að hlýnun jarðar verði ekki meiri en tvær gráður á Celsius. – **snæ / sjá síðu 8**

Stúfur kom til byggða



10 dagar til jóla

Vilja koma Kevi heim

Ekkert er því til fyrirstöðu að albanska fjölskyldan sem vísað var úr landi á fimmtudag sækir aftur um hæli hér á landi, að mati lögmanns. Unnið er að fjármögnun og skipulagningu þess að koma fjölskyldunni aftur til Íslands

SAMFÉLAG Hópur fólks vinnur nú að því að koma albanskri fjölskyldu, sem flutt var úr landi aðfaranótt fimmtudags í síðustu viku, aftur heim til Íslands. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir að fundað verði í dag um fjármögnun og utanumhald verkefnisins með lögmönnum.

Brottflytningur fjölskyldunnar hefur vakið reiði í samfélaginu vegna þess að sonur hjónanna Kastrijet og Xhuliu, hinn þriggja ára gamli Kevi, er með slímseigjusjúkdóm. Sjúkdómurinn er lífshættulegur og veldur sýkingum í líffærum. Barnalæknirinn Kristján Dereksson tjáði sig um sjúkdóminn á föstudag og sagði ólíklegt að Kevi myndi lifa til tíu ára aldurs.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er fjölskyldan komin til

●● Það stendur í lögnum að það skuli tryggja hælisleitendum nauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Að sjálfsögðu er það nauðsynleg heilbrigðisþjónusta fyrir þetta barn að fá aðstoð. Það er fráleitt að halda því fram að hann hefði ekki átt að fá hana endurgjaldslaust á meðan hann var hérna.“

Katrín Oddsdóttir lögmaður



Albaníu og líður vel miðað við aðstæður. Þau hafa verið í sambandi við íslenska hópinn og fengið fréttir um þeirra mál þýddar yfir á móðurmálið.

Katrín Oddsdóttir lögmaður segir ekki sjá neitt því til fyrirstöðu að fjölskyldan sækir um hæli hér á nýju. „Þau eru ekki búin að klára allar kæruleiðir miðað við það sem komið hefur fram í fjölmiðlum.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er einnig sá möguleiki fyrir hendi að sækja um ríkisborgararétt fyrir fjölskylduna í stað þess að sækja um hæli.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að allsherjarnefnd Alþingis ætli að skoða mál fjölskyldunnar og hvort rétt hafi verið staðið að umsókn þeirra. – **snæ**

SKYRGÁMUR



ÍSLENSK HÖNNUN
OG RITSNILLD
Í ÞÁGU
FATLAÐRA BARNA
OG UNGMENNA

Sölutímabil
5. – 19. desember

STYRKARFÉLAG
LAMADRA OG FATLAÐRA

10
DAGAR
TIL JÓLA

OPIÐ TIL
22
Í KVÖLD

Kringlan

Veður



Í dag gengur í sunnan 5 til 10 metra á sekúndu með snjókomu eða slyddu, en eftir hádegislið verður rigning á láglendi og það hlánar. **SJÁ SIÐU 44**



Undanfarnir tvö ár hefur verið meira af rottum í Reykjavík.

Rottugangur í Vesturbænum

SAMFÉLAG „Þetta er úti um allt,“ segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri Vesturbýggðar, um rottugang í Vesturbænum í Reykjavík en hún vakti athygli á rottugangi í Vesturbænum á samfélagsmiðlunum.

Ásthildur hefur lengi verið með annan fótinn í Vesturbænum og á íbúð á Hagamel og þekkir því vel til hverfisins. Hún segir að lengst af hafi hún aldrei orð vör við rottugang en það hafi breyst á undanförunum árum.


„Í gamla daga, þegar ég var lítil, þótti rottugangur vera það hræðilegasta sem hægt var að vita um. Ég hef orðið vör við þetta síðastliðin þrjú ár en áður sá maður þetta varla,“ segir Ásthildur.

Skemmt er að minnast þess að rottur virtust leika lausum af hala af miklum móð í sumar og síðastliðið sumar og skelltu sér í sund í Vesturbæjarlaug eins og sannir Vesturbæingar.

Steinar Smári Guðbergsson, meindýraeyðir, segist sinna rottuútköllum nokkrum sinnum í hverri viku. „Það er meira af rottum í Reykjavík og það virðist vera meira um þetta síðastliðin tvo ár. Það hefur verið mikið af framkvæmdum víðsvegar í borginni, opin skólprór og annað sem fylgir því. Það ýtir undir það að fólk verði vart við þetta.“ -tpt

●● Það hefur verið mikið af framkvæmdum víðsvegar í borginni, opin skólprór og annað sem fylgir því. Það ýtir undir það að fólk verði vart við þetta

Steinar Smári Guðbergsson meindýraeyðir



Enn snjallara heymartæki

Nýja Beltone **Legend** heymartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heymarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heymartæki lánað til reynslu.

heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra styrkerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyrir Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Sjálfsmynd með sveini



Jólastemning Þessi herramaður vildi ólmur ná mynd af sér með Hurðaskelli á Laugaveginum í gær. Þriðji í aðventu var jafnan fyrsti sunnudagurinn með lengri opnunartíma en gengur og gerist, en opið var til sex í sumum verslunum og jafnvel til tíu í öðrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Einn alvarlega slasaður

SLYS Þrír voru fluttir á slysideild, þar af einn alvarlega slasaður, eftir tveggja bíla árekstur á Suðurlandsvegi á fimmta tímanum í gær. Slysíð varð skammt frá afleggjaranum að Gunnarshólma.

Tveir dælubílar og fjórir sjúkrahús fóru á vettvang en beita þurfti klippum til að koma hinum slösuðu út úr bílflökunum. Allir voru fluttir á sjúkrahús en einungis einn þeirra alvarlega slasaður, hinir tveir voru með minniháttar áverka.

Mikil órtröð myndaðist á Suðurlandsvegi báðum megin við slysið. Vegurinn var lokaður í um það bil eina og hálfa klukkustund og fjölmörgum vegfarendum vísað frá. — snæ

Sveinarnir hafa komið og hitt börnin í 27 ár

Gömlu íslensku jólasveinarnir heimsækja Þjóðminjasafnið síðustu þrettán dagana fyrir jól. Stúfur kemur í dag. Árið 1988 bauð safnið þeim í fyrsta skipti í formlega heimsókn fyrir jólin. Um þrjú hundruð manns mæta á hverjum degi.

SAMFÉLAG „Alvöru jólasveinarnir koma á hverjum degi til okkar fram að jólum. Þeir koma alltaf klukkan ellefu þegar þeir eru búnir að gefa í skóinn,“ segir Helga Vollertsen, safnfræðslufulltrúi á Þjóðminjasafni Íslands en gömlu íslensku jólasveinarnir heimsækja safnið á hverjum degi síðustu þrettán daga fyrir jól, einn í einu.

Árið 1988 bauð Þjóðminjasafn Íslands jólasveinunum í fyrsta skipti formlega í heimsókn fyrir jólin. Síðan þá hafa þeir verið fastagestir í desember og heimsækja nú safnið 27. árið í röð.

„Í dag kemur Stúfur til okkur en í gær kom Giljagaur. Þeir eru rosalega skemmtilegir allir og segja börnum og foreldrum þeirra skemmtilegar sögur af sér. Þá útskýra þeir líka hvaðan nöfn þeirra eru komin,“ segir Helga og bætir því við að jólasveinarnir eigi frekar erfitt með að átta sig á tæknivæddri nútímaveröld og finnist gott að koma í Þjóðminjasafnið. „Stekkjastaur útskýrði fyrir börnunum hvað hann væri hissa að sjá mjólk í kassa á Íslandi í dag. Áður fyrr reyndi hann oft að sjúga ærnar í fjárhúsunum hjá bændum til að fá mjólk.“

Að sögn Helgu koma um þrjú hundruð manns á hverjum degi í Þjóðminjasafnið í þeim tilgangi að hitta jólasveinana. Hún býst ekki við öðru en að aðsóknin haldist



Giljagaur heimsótti Þjóðminjasafnið í gær. Hann var klæddur í þjóðlegu fötunum sínum en ekki í rauðu sparifötunum. MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

●● Nú þegar þetta hefur staðið yfir í 27 ár þá er gaman að fylgjast með foreldrum sem komu í Þjóðminjasafnið að hitta jólasveinana sem börn, koma með börnin sín að hitta þá. Fólki finnst þetta greinilega mjög skemmtilegt.

Helga Vollertsen, safnfræðslufulltrúi á Þjóðminjasafni Íslands

fram að jólum. „Nú þegar þetta hefur staðið yfir í 27 ár þá er gaman að fylgjast með foreldrum sem komu í Þjóðminjasafnið að hitta jólasveinana sem börn, koma með börnin sín að hitta þá. Fólki finnst þetta greinilega mjög skemmtilegt,“ segir Helga.

Jólasveinarnir eru klæddir í þjóðlegu fötunum sínum en ekki í rauðu sparifötunum. Að sögn starfsfólks reyna þeir að krækja sér í það sem þá langar helst í enda eiga þeir það enn til að vera svolítið þjóföttir þó þeir séu hin vænstu skinn. nadine@frettabladid.is

8



GEYSIR

Ekki krafa um veitingar

NESKAUPSTAÐUR Ekki verður gerð krafa um að sá sem tekur við rekstri gamla félagsheimilisins Egilsbúðar í Neskaupstað haldi þar úti veitingasölu. Núverandi rekstraraðili hefur hætt matsölu í hádeginu vegna dræmrar aðsóknar að því er kemur fram í minnisblaði sem bærstjórinn lagði fyrir bæjarráð Fjarðabyggðar.

Bærstjórinn segir að með öflugri starfsemi megi hefja Egilsbúð aftur til vegs og virðingar. „Því er lagt til að vægi hugmynda um samkomuhald í samningskaupalýsingu vegi þyngra en verðþáttur í endanlegu mati á þeim rekstraraðila sem verður fyrir valinu.“ – gar



Ungmennaráð vill verjast áfengisdrykkju. FRÉTTABLAÐIÐ/APP

Vantar viðburði fyrir 14 til 18 ára

ÁRBORG Ungmennaráð Árborgar vill að sveitarfélagið leggi áherslu á að viðburðir fyrir ungmenni verði til staðar á bærarhátíðum. Undanfarið ári hafi ekki verið mikið um viðburði fyrir aldurshópina 14 til 16 ára og 16 til 18 ára á bærarhátíðum.

„Það er góð forvörn að hafa viðburði fyrir þennan aldurshóp á bærarhátíðum. Það dregur úr heimilissamkvæmum og þar með eykur öryggi, kemur í veg fyrir óvæntar uppkomur og dregur úr áfengisnotkun. Til að mynda má setja þá kröfu á aðstandendur bærarhátíða að ungmenni á þessum aldri skuli koma að undirbúningi og framkvæmd hátíða.“ segir ungmennaráðið. – gar

Faxi til Eyja

SJÁVARÚTVEGUR Uppsjárveiðiskípið Faxi RE var afhent nýjum eigendum, Vinnslustöðinni hf. í Vestmannaeyjum, á fimmtudag. Skipið, sem nú heitir Kap VE, fór til síldveiða fyrir vestan land um helgina eftir að hafa tekið veiðarfæri um borð.

Salan á Faxe RE er liður í endurnýjun uppsjárveiðiskipa HB Granda en nýsmíðarnar Venus NS og Víkingur AK, sem nú er á leið til landsins frá Tyrklandi, koma í stað þriggja eldri skipa. – shá

Sigraði nýsköpunarkeppni á Englandi

SÍÐAN FÁUM VIÐ AÐ FARA Á BRICE NÝSKÖPUNARKEPPNINA SEM HALDIN ER Í TEXAS Í BANDARÍKJUNUM EN SÚ KEPPNI ER SÚ FLOTTASTA Í HEIMI.


Guðrún Andrea Friðgeirsdóttir, doktorsnemi í lyfjaþróun

„Verkefnið fólst í því að koma með hugmynd að einhverju sem við gátum þróað og selt. Við bjuggum til viðskiptaáætlun og þurftum að gera áætlun um það hvernig okkur yrði veitt einkaleyfi,“ segir Guðrún And-

ea en keppnin er mikilvægur liður í að þjálfa unga vísindamenn í nýsköpun og keppast nemendur um að koma með bestu hugmyndina og útfæra hvernig hægt sé að koma vörunni á markað.

Guðrún Andrea ítrekar að spreidd sé ekki til í alvöru og að það sé ekki búð að þróa það alla leið. „Hugmyndin er þannig ekki orðin að veruleika en það er alveg hugsanlegt að það gæti gerst.“

Í verðlaun fékk lið Guðrúnar Andreu 2.500 pund og bikar. „Síðan fórum við að fara á Brice-nýsköpunarkeppnina sem haldin er í Texas í Bandaríkjunum en sú keppni er sú flottasta í heimi,“ segir Guðrún Andrea. – ngy



Spreidd á að greina lúsina og vera meðferð á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Unnið eftir ósamþykkttri áætlun

Fjarlaganefnd leggur til að auka fé í hafnabótasjóð. Páll Jóhann Pálsson segir unnið samkvæmt samgönguáætlun sem enn á eftir að koma fyrir þingið. Heimahöfn Páls í Grindavík fær hæstu fjárveitinguna.

FJÁRLÖG Í breytingatillögu meirihluta fjarlaganefndar er gerð tillaga um að 400 milljónum verði varið aukalega í svokallaðan hafnabótasjóð til endurnýjunar og dýpkunar í löndunarhöfnum. Páll Jóhann Pálsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hafði umsjón með þessum verkþætti meirihlutans að sögn formanns fjarlaganefndar. Alls fara 103 milljónir í lagfæringar á höfninni í Grindavík, heimabæ Páls Jóhanns, þar sem fyrirtæki í eigu eiginkonu hans, áður í eigu hans sjálfs, gerir út skip til veiða.

Í þessum tillögum meirihluta fjarlaganefndar er lagt til hvert fjárveitingarnar fara. „Þarna erum við að vinna eftir þeirri samgönguáætlun sem var lögð fram af innanríkisráðherra á síðasta þingi,“ segir Páll Jóhann. „Einnig er unnið í samræði við minnisblað siglingasviðs Vega-gerðarinnar sem telur brýnt að fara í framkvæmdir á höfnum landsins.“

Umrædd samgönguáætlun var ekki samþykkt á síðasta þingi og féll á tíma. Samgönguáætlun hefur ekki verið lögð fyrir þetta þing þótt hún hafi verið tilbúin síðastliðið sumar.

Grindavíkurhöfn fær hæstu fjárveitinguna í þessari aukafjárveitingu, eða 103 milljónir. Siglufjarðarhöfn fær 80 milljónir króna. Hafnir í Sandgerði og í Þorlákshöfn fá rúmar 40 milljónir hvor til endurbóta. Samkvæmt lögum um hafnabótasjóð greiðir ríkið meirihluta kostnaðar við endurbætur á höfnunum en sveitarfélagið það sem upp á vantar.

Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi minnihlutans í fjarlaganefnd, undrast vinnulag meirihluta fjar-



Samgönguáætlun fór til þings í lok maí á síðasta þingi en ekki náðist að samþykka hana. Því er í raun engin samgönguáætlun í gildi. Meirihluti fjarlaganefndar vinnur samt sem áður eftir þeirri áætlun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breytingatillögur meirihlutans vekja upp margar spurningar og ég hef verulegar efasemdir um vinnubrögðin svo ekki sé meira sagt.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar.



laganefndar. „Breytingatillögur meirihlutans vekja upp margar spurningar og ég hef verulegar efasemdir um vinnubrögðin svo ekki sé meira sagt. Við höfum alls konar verkefni við að útteila almannafé til að gæta jafnræðis. Þetta eru

Tillaga um 400 milljóna aukafjárveitingu

Dæmi um úthlutun

Grindavíkurhöfn
103 milljónir

Siglufjarðarhöfn
80 milljónir

Sandgerðishöfn
40 milljónir

Þorlákshafnarhöfn
40 milljónir

safnliðir ráðuneyta, samkeppnis-sjóðir, sóknaráætlun landshluta og samgönguáætlun svo eitthvað sé nefnt og við eigum að setja fé í þessa fjárlagaliði og laga þá hnökra ef einhverjir eru í stað þess að einstaka þingmenn taki að sér að deila

út fé. Við vitum ekkert hvað liggur að baki mjög mörgum breytingatillögum og alveg óháð því hvort ég er sátt við verkefnið eða ekki þá er ekki hægt að setta sig við þannig verklag.“ sveinn@frettabladid.is

Gætu sparað neytendum 162 milljónir

IDNADUR Tollur á snakk er með síðustu dæmum um verndartoll fyrir idnaðarframleiðslu úr innfluttu hráefni hér á landi. Á þetta bendir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA). Félagið birti nýverið skýrslu um matartolla.

Félagið fagnaði skömmu eftir mánaðamótin nefndaráli meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar þar sem lagt var til að tollar verði felldir niður af snakki. Nú hafi Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokks sem sæti á í nefndinni, sagt að í kjölfar mikilla viðbragða frá innlendum snakkframleiðendum þurfi nefndin að skoða „viðtækari hagsmuni“.

Í umfjöllun á vef FA segir að ofurtollar á innflutta matvöru séu yfirleitt réttlættir með því að verið sé að vernda innlenda búvöruframleiðslu. „Það getur ekki átt við um snakktollana. Innlendir snakkframleiðendur, lönmark og þykkva-bæjar, anna aðeins litlu broti



Innflutt snakk úr niðurneiddum kartöflum ber 59 prósentu toll. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

innanlandsmarkaðar fyrir snakk.“ Í kartöflusnakki þeirra sé notað lítið sem ekkert af innlendum kartöflum. „Heldur er það eftir því sem næst verður komist að stærstum hluta búíð til úr innfluttu kartöflu-


mjöli sem ber lága eða enga tolla.“ Hagsmunir neytenda séu hins vegar umtalsverðir. Niðurfelling 59 prósentu tolls á snakk úr kartöflum myndi spara neytendum 162 milljónir króna. – óka

Híktu í Kaupfélagið í Bóksoðu stúdenta

Hláraðu jólagjafakaupin á einum stað. Í Bóksoðu stúdenta finnur þú meira en þig grunar.

KAUPELAG stúdenta

bóksala stúdenta
Háskólatorgi - www.boksala.is



Nº30
2016

Listahátíð
í Reykjavík



HARPA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Hátindar á ferli Helga San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



Tryggðu þér sæti tímanlega
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dádustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28. — 30. maí
í Eldborgarsal Hörpu.

Stofnaðilar



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Styrktaraðilar

ICELANDAIR

Arion banki

CENTER
HOTELS

LEXUS



Svona var ástandið við þjóðveginn í Blönduhlíð þar sem möstur í Rangárvallalínu 1 brotnuðu í óveðrinu í byrjun vikunnar. MYND/LANDSNET

120 milljónir fuku út í buskann hjá Landsneti

VEÐUR Viðgerð er að mestu lokið á háspennulínum Landsnets eftir óveðrið sem gekk yfir landið í byrjun vikunnar. Beint tjón fyrirtækisins vegna veðursins er í tilkynningu sagt vera 120 milljónir króna.

Haft er eftir Guðmundi Inga Ásmundssyni, forstjóra Landsnets, að brýnt sé að hefjast handa við styrkingu meginflutningskerfis fyrirtækisins. Notendur hefðu orðið fyrir minna straumleysi í fávíðrinu ef kerfisstyrkingar sem félagið vill ráðast í hefðu verið komnar til framkvæmda.

„Það voru eingöngu eldri flutningslínur með trémöstrum sem skemmdust. Stærri línurnar okkar, sem eru

Eingöngu eldri flutningslínur með trémöstrum skemmdust.

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets.

bæði nýrri og með stálgrindarmöstrum, stóðust veðurálagið, eins og til dæmis á Hallormsstáðarhálsi þar sem vindstyrkurinn fór yfir 72 metra á sekúndu í hviðum,“ segir hann.

Mest var tjónið á Vestfjörðum þar sem 20 möstur í flutningskerfinu gáfu sig vegna vindálags og ísingar í Breiðadalslínu 1 í Dýrafirði. - óká

Hlaupandi jólasveinar



Marabon í Madrid Um tíu þúsund manns tóku þátt jólamaraboni í Madrid á Spáni í gær í jólasveinabúningi. Mótið var haldið í fjórða sinn og hafa aldrei fleiri tekið þátt. NORDICPHOTO/GETTY

Skattafrádráttur til hlutabréfakaupenda

Bjarni Benediktsson boðar skattaívilnanir til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum í sprotafyrirtækjum. Forstjóri Kauphallarinnar telur tillögurnar skref í rétta átt en ættu einnig að ná til fjárfestinga í félögum sem eru skráð á markaði.

VIDSKIPTI Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra hyggst leggja fram frumvarp um skattaívilnanir til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum í litlum fyrirtækjum í vexti á þessum vetri. Kauphöllin vill innleiða skattafrádrátt fyrir einstaklinga til hlutabréfakaupa í skráðum félögum og er fjármálaráðuneytið með það mál í vinnslu.

Í ræðu sinni á tækni- og hugverkabíngi þann 4. desember síðastliðinn sagði Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hafa skoðað mögulegar útfærslur á beitingu skattaívilnana vegna hlutabréfakaupa í sprotafyrirtækjum.

„Ég hef skoðað mögulegar útfærslur á beitingu slíkra ívilnana, sérstaklega hvernig hægt sé að koma í framkvæmd skattaívilnunar til einstaklinga vegna kaupa á hlutabréfum í litlum fyrirtækjum í vexti en í okkar vinnu komu fram hugmyndir að tilteknum skilyrðum, sem slík fjárfesting þarf að uppfylla, sem snúa að fjárfestingunni sjálfri, formi félagsins sem fjárfest er í og svo skilyrðum sem einstaklingurinn sjálfur þarf að uppfylla til að fá afsláttinn,“ sagði hann á þinginu. Unnið verður að

Í okkar vinnu komu fram hugmyndir að tilteknum skilyrðum, sem slík fjárfesting þarf að uppfylla, sem snúa að fjárfestingunni sjálfri, formi félagsins sem fjárfest er í og svo skilyrðum sem einstaklingurinn sjálfur þarf að uppfylla til að fá afsláttinn.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra



gerð frumvarps á grunni vinnu starfshóps um þessi mál og er það áætlun Bjarna að leggja það fyrir þingið á þessum vetri.

Fram kom á síðasta ári í skýrslu Kauphallarinnar, Aukin virkni og gagnsemi íslensks verðbréfa-markaðar, um tillögu á úrbótum að áhugi væri á því að endurvekja skattafrádrátt fyrir einstaklinga vegna hlutabréfakaupa sem ríkti

fyrir hrun. Þar segir að skattafrádráttur væri til þess fallinn að hvetja til sparnaðar og fjárfestingar í íslensku atvinnulífi og að einstaklingar héldu hlutabréfum til lengri tíma.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, telur tillögu starfshópsins vera skref í rétta átt og að skattafrádráttur fyrir einstaklinga vegna hlutabréfakaupa væri til hagsbóta fyrir bæði almenning og atvinnulíf.

„Að okkar mati er eðlilegt að ákvæðin um ívilnanir endurspegli leiðbeiningar eftirlitsstofnunar EFTA þar sem bent er á að þær ættu að ná til fjárfestinga í félögum sem skráð eru á markaðstorgum, eins og Nasdaq First North. Þannig yrðu allar nauðsynlegar upplýsingar uppi á borðum fyrir fjárfesta. Þessi aðgerð myndi greiða fyrir aðgangi fyrirtækja að fjármagni og stuðla að vexti. Hún yki að sama skapi sparnaðarmöguleika fjárfesta og hvetti til langtímafjárfestingar. Auk þess er gert ráð fyrir að um tiltölulega lágar fjárhæðir yrði að ræða fyrir hvern einstakling þannig að áhættu yrði stíllt í hóf,“ segir Páll saeunn@frettabladid.is

KRÓNAN

- fyrst og fremst óáfr!



Fylgstu með
Jóladagatali Krónunnar.
Ný tilboð til jóla.



* Jóladagatal *




25%
afsláttur

299 kr. kg

Verð áður 399 kr. kg
Rauð jólaepli frá Bandaríkjunum.
*Gildir 14. - 16. desember

Fylgstu með Jóladagatalinu á facebook síðu Krónunnar - Jólaleikur í hverri viku



Sælkerabord HAGKAUPS

SÆLKERABORÐIÐ Í KRINGLUNNI OPIÐ MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA FRÁ 10-18



LANDSINS MESTA ÚRVAL AF ERLENDUM OSTUM



Franskir ostar
Í miklu úrvali.



Prima Donna
Osturinn sem allir þekkja.



Snowdonian Cheddar
Margverðlaunaðir Cheddar ostar
frá Wales, smakkaðu þá alla!



Old Amsterdam
Margar tegundir.



Breskur Cheddar
Í hinum ýmsu bragðtegundum



Hagkaups Chili sulta
Smellpassar með ostunum.



Les Folies Fromages
Franskar osta sultur.



Buffalo Mozzarella
Ekta ítalskur.



Skólinn hefur beðið foreldra um að bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum varðandi bólusetningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fjórðungur nemenda skólans fékk hlaupabólu

ÁSTRALÍA Áttatíu börn eða einn af hverjum fjórum nemendum í Brunswick grunnskólanum í Melbourne í Ástralíu hafa fengið hlaupabólu á síðastliðnum tveimur vikum.

Skólinn er sá eini í Viktoríufylki sem hefur beðið foreldra um að virða mismunandi skoðanir þegar kemur að bólusetningum barna.

Bólusett börn í skólanum eru 73 prósent samanborið við 90 prósent á fylkisvísi.

Engum skóla í Viktoríufylki er heimilt að neita barni um skólavist ef það er ekki bólusett. Hins vegar eru foreldrar skyldugir að láta skólayfirvöld vita um bólusetningar barna sinna. -srs



Aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Ban Ki-moon og forseti Frakklands François Hollande féllust í faðma í lok ráðstefunnar í París á laugardag. Alls eiga 195 ríki Sameinuðu þjóðanna þátt í samkomulaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Heimavinnan nú að ná markmiðum COP21

Loftslagsráðstefnan í París fór fram úr væntingum ráðamanna og embættismanna. Samkomulagið er það fyrsta sem segir að öll ríki verði að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnt er að undirritun í apríl á næsta ári.

UMHVERFI „Ég held að ég geti ekki sagt að það séu nokkur einustu vonbrigði. Ég er búinn að fylgjast með þessu í yfir tíu ár og ég hef aldrei verið á fundi þar sem hefur verið jafn ríkur samkomulagsvilji og jákvætt andrúmsloft,“ segir Hugi Ólafsson, formaður samninganefndar Íslands í loftslagsmálum.

Parísarsamkomulagið svokallaða var samþykkt með lófataki að lokinni loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna Cop21 sem hófst þann fyrsta desember síðastliðinn. Samkomulagið tekur gildi árið 2020 þegar tímabil Kyótó-bókunarinnar rennur sitt skeið.

Ísland var með undanþágu frá Kyótó-bókuninni sem heimilaði umframlosun á 1600 þúsund tonnum af koltvísýringi svo hægt væri að byggja upp stóriðju. Hugi segir að nú spili Ísland í sama leik og aðrar þjóðir.

„Við erum með sambærileg markmið og önnur Evrópuríki og ekki með neinar sérstakar undanþágur.“

Alls koma 195 ríki að Parísarsamkomulaginu sem dekkar ríflega níutíu prósent af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum í dag. Hvert ríki setur sér eigin aðgerðaáætlun til að ná markmiðum um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda svo halda megi hlýnun lofthjúpsins innan við 2°C.

„Samningurinn er fyrst og fremst grunnur og ótímasettur. Flest ríki hafa verið að setja sér markmið til 2030 sem svo er gert ráð fyrir að verði reglulega endurskoðuð,“ segir Hugi. Hann segir markmið Íslands vera að finna í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum en þau verði svo útfærð betur.

Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra segir erfitt að segja til um hvaða breytingar íslensk fyrirtæki og almenningur þurfi að gera til að Ísland nái eigin markmiðum. „Okkar skylda er jafn rík og annarra þjóða. Það sem ég segi og hef sagt er að fyrst og fremst þarf að eiga sér stað hugarfarsbreyting. Við höfum náð efsta sæti í jafnrættis-

málum í heiminum, auðvitað var það barátta, en það þurfti hugarfarsbreytingu. Nákvæmlega sömu hugarfarsbreytingu þarf núna um loftslagsmálið,“ segir Sigrún.

Svandís Svavarsdóttir, þingkona Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, segir að næsta verkefni sé að sýna að gjörðir fylgi orðum. „Við höfum tekið mjög skýrt undir þrjú megináherslumál Náttúruverndarsamtaka Íslands sem er í fyrsta lagi að Ísland verði sjálft að draga úr losun um fjórutíu prósent. Í öðru lagi að Ísland verði kolefnishlutlaust 2050 og í þriðja lagi liggur mælikvarðinn um hvort við meinum eitthvað sem við segjum á Drekasvæðinu,“ segir Svandís og að það sé fullkominn tvískinnungur að halda áfram undirbúningi vinnslu og rannsóknna fyrir oliuborun.

Einn helsti vísindamaður og aktivist heims á sviði loftslagsmála, James Hansen, gefur lítið fyrir samkomulagið í samtali við the Guardian. „Það er kjaftæði af þeim að segjast geta náð hlýnun niður fyrir 2°C og reyna svo að gera betur á fimm ára fresti. Á meðan jarðefnaeldsneyti heldur áfram að vera ódýrasta eldsneytið þá munum við halda áfram að nota það.“

snaeros@frettabladid.is

Hvað felst í samkomulaginu?

- Markmið er um að halda hlýnun lofthjúpsins innan við tvær gráður á Celsius.
- Losun gróðurhúsalofttegunda skal ná hámarki eins fljótt og auðið er og síðan minnka þannig að losun af mannavöldum nái jafnvægi við upptöku kolefnis úr andrúmsloftinu.
- Farið verður yfir stöðuna á fimm ára fresti og markmið ríkja endurnýjuð.
- Markmið þróunarríkja um minnkun losunar verða fjármögnuð um allt að hundrað milljarða dollara fram til ársins 2020 og haldi áfram eftir það.
- Öll ríki þurfa að reiða fram bókhald um nettólosun gróðurhúsalofttegunda, þó krafan sé vægari fyrir þróunarríki.
- Brugðist verður við þeim skaða sem fátæk ríki verða fyrir vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga.

GOTT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM GJAFAPOKUM!
VILDARVERÐ FRÁ: **149.-**
Verð: 199.-
25% vildar-afsláttur

PENNINN Eymundsson
Sími: 540 2050 | pontun@penninn.is

Tilboðsverð gilda frá 11. desember, til og með 13. desember. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Heimsferðir

Gefðu góðar minningar í jólagjöf!

Kauptu 5.000 kr. gjafabréf og þú færð andvirði 7.000 kr.
Kauptu 10.000 kr. gjafabréf og þú færð andvirði 15.000 kr.
Kauptu 20.000 kr. gjafabréf og þú færð andvirði 30.000 kr.

KRÓNAN - fyrst og fremst ódýr!

Snyrtivörupakkar Tilvaldar jólagjafir*



889 kr. pk.

I Love Box, 5 tegundir, 500 ml



5199 kr. pk.

RT gjafakassi, föröunarburstar, 5 stk.

Nýtt
kortatímabil



1949 kr. pk.

Technic snyrtiset, bók



2299 kr. pk.

Bomb gjafakassi, Candy Land eða Tinsel Town. Inniheldur gæða ilmkiarnaölfur.

1999 kr. pk.

Nivea gjafataska, Men Classic, 3 stk.



2649 kr. pk.

Adidas gjafataska, Extreme Power



2799 kr. pk.

Nivea gjafataska, Sensitive skin, 2 stk.



2989 kr. pk.

TIGI gjafakassi, Pick Me Up, sjampó, 2 stk.



3799 kr. pk.

Lóréal gjafataska, Hydra Energetic



3499 kr. pk.

Maybelline gjafakassi, Smokin Hot

Góðar jólagjafir



2799 kr. pk.

GA gjafakassi, BB X-Mas Box

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

*Vöruúrval getur verið breytilegt á milli verslana

Erfiðast er að velja jólagjöf handa makanum

VIÐSKIPTI Fjórða hverjum Norðmanni finnst erfiðast að finna réttu jólagjöfina handa makanum, að því er fram kemur í könnun sem norska raftækjaverslunin Elkjöp lét gera fyrir sig.

„Viðskiptavinir leita helst ráða hjá okkur vegna þessara gjafa,“ er í tilkynningu Elkjöp haft eftir Atle Bakke framkvæmdastjóra. „Sem er kannski skiljanlegt, því maður vill jú að gjöfin til mannsins, eða konunnar, í lífi manns hitti í mark.“

Í könnuninni, sem fyrirtækið YouGov gerði fyrir Elkjöp, kemur líka fram að 17 prósentum finnst erfiðast að gefa foreldrum sínum gjöf, meðan 12 prósentum finnst erfiðast að finna gjöf handa börnum sínum.

„Vel heppnuð gjöf undirstrikar gott samband við þann sem tekur

við henni, en misheppnuð gjöf getur vakið efasemdir um sambandið. Tengingin er sterkari eftir því sem sambandið er nánara,“ er haft eftir Anitu Borch hjá SIFO, norsku neytendarannsóknastofunni. „Það er því meira undir þegar maður kaupir gjafir handa maka.“

Hún segir engu að síður hægt að komast yfir slys vegna misheppnaðra gjafa. „Sumir taka þetta nærri sér og aðrir ekki. Ef hugsunin er góð að baki gjöfinni, eða sá sem gefur virðist hafa lagt bæði tíma og orku í hana, þá vegur það upp á móti hættunni á að gjöfinni verði illa tekið,“ segir Borch.

Könnun Elkjöp sýnir hins vegar að níu af tíu aðspurðum var áfram um að gjafir frá þeim falli að smekk þess sem við þeim tekur. Borch segir hins vegar allan gang á því hvað falli

Hvaða jólagjafir er erfiðast að kaupa?

Viðtakandi	Hlutfall
Maki	24%
Foreldri	17%
Eigin börn	12%
Systkini	8%
Aðrir í fjölskyldunni	8%
Vinir/kunningjar	8%
Afi eða amma	4%
Aðrir	2%
Veit ekki/kaupi ekki gjafir	16%

Heimild: YouGov/Elkjöp

í kramið hjá fólki, þetta sé persónubundið og fari eftir sambandi fólks. „Karlar ættu samt að velja fyrir sér hvort konan verði í alvörunni ánægð með þaðvog undir jólatrénu.“ – óká



Á eftir maka eru foreldrarnir erfiðastir.

Hljýjar jólagjafir

DEVOLD

Jólagjöfin best í Ellingsen

DEVOLD DUO ACTIVE JUNIOR
Blátt og rautt, stærðir 10–16
7.890 KR.

DEVOLD DUO ACTIVE KID
Blátt og rautt, stærðir 2–8
6.890 KR.

DEVOLD ACTIVE SAMFELLA
Stærðir 74–98
5.890 KR.

Munið gjafabréfin!

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK AKUREYRI
Fiskislóð 1 Tryggvabraut 1–3
Sími 580 8500 Sími 460 3630

GEFÐU GEIT

GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is Hjálparstarf kirkjunnar

GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Sérstök jólatilboð

Leikhúskvöld fyrir sælgera
Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð
12.500 kr.

Mamma Mia
Miði fyrir tvo á ABBA söngleikinn sem enginn má missa af
12.900 kr.

Njála
Miði fyrir tvo á Njála og eitt eintak af Brennu-Njáls sögu.
12.200 kr.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



Í yfirlýsingu frá varnarmálaráðuneyti Rússlands segir að herskipið hafi skotið viðvörunarskotinu til að koma í veg fyrir að skipin skyllu saman. NORDICPHOTOS/AFP

Rússar skutu á tyrkneskan veiðiskip

Rússneskt herskip skaut viðvörunarskoti í átt að tyrknesku fiskveiðiskipi í Eyjahafi í gær. Samskipti ríkjanna hafa verið stíð undanfarið. Í yfirlýsingu frá varnarmálaráðuneytinu í Mosku segir að skotið hafi verið til að koma í veg fyrir að skipin skyllu saman.

RÚSSLAND Rússneskt herskip skaut viðvörunarskoti í átt að tyrknesku fiskveiðiskipi í Eyjahafi í gær. Fjölmíðlar ytra greina frá þessu og eru á einu máli um að þetta muni koma til með að gera samskipti Rússa og Tyrkja enn stíðari en ríkin hafa deilt hart undanfarið allt frá því að tyrkneski flugherinn skaut niður rússneska orrustuþotu yfir Sýrlandi í nóvember.

Í yfirlýsingu frá varnarmálaráðuneyti Rússlands segir að herskipið hafi skotið viðvörunarskotinu til að koma í veg fyrir að skipin skyllu saman. Þá segir að eftirlitsskipið Smetlviy hafi ítrekað sent sjónrænar viðvaranir til tyrkneska skipsins áður en skotið var. Þá hafi Rússar reynt að ná talstöðvarsambandi við skipið þegar það var í um kílómetra fjarlægð en án árangurs. Þegar engin skilaboð höfðu borist frá skipinu og það var komið í um sex hundruð metra fjarlægð hafi rússneska skipið skotið í átt að því svo að það breytti um stefnu. Sendinefnd tyrkneska hers-

» Andað hefur köldu á milli Rússa og Tyrkja frá því að rússnesku SU-24 orrustuþotunni var grandað 24. nóvember síðastliðinn.

ins í Moskvu var kölluð saman í gær vegna málsins.

Það hefur andað köldu á milli Rússa og Tyrkja allt frá því að hinni rússnesku SU-24 orrustuþotu var grandað þann 24. nóvember síðastliðinn. Tyrknesk stjórnvöld hafa haldið því stöðugt fram að vélin hafi flogið inn í lofthelgi landsins þegar flugherinn ákvað að granda henni. Þessu hafa ráðamenn í Moskvu vísað á bug og segja vélina hafa verið yfir Sýrlandi þegar hún var skotin niður. Atvikid er lítið alvarlegum augum í Rússlandi og hefur Vladimir Pútín, forseti landsins, sagt það vera sem hnífstungu í bak þjóðar sinnar.

nadine@frettabladid.is

Ford Fiesta er
mest seldi smábíll Evrópu



Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.**

5 dyra · MyKey · Fáanlegur með vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð · Hiti í framsætum · 3,5 tommu upplýsingaskjár · AUX og USB tengi · Fær frítt í staði í miðborg Reykjavíkur · Samlitaðir stuðarar Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar · Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 · Samlituð vindskeið · 6 hátalarar · Einstaklega rúmt farangursrymi (290 lítra) · Frábær í endursölu · Start Stop spartækni · Brekkuaðstoð Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna Samlitaðir hliðarspeglar · EasyFuel · ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn Ofnæmisprófuð efni í innréttingu · Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði 5 stjörnu öryggi · Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns.



Jóla-
kaupauki

Nokian vetrardekk að verðmæti 108.000 kr. fylgja öllum nýjum Ford Fiesta í desember. Þú færð bílinn á vetrardekkjum og sumardekkinn í skottið. Nýttu tækifærið.

Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu mest selda smábíll Evrópu



20 ára afmæli
Ford hjá Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík Brimborg Akureyri
Bíldshöfða 6 Tryggvabraut 5
Sími 515 7000 Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverzlun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Ástand heimsins



RÉTTARSTAÐA FYRIRTÆKJA VIÐ RANNSÓKN MÁLA

Morgunverðarfundur á Grand Hótel Reykjavík
Fimmtudaginn 17. desember kl. 8.30-10

Frummælendur:


Helga Melkorka Óttarsdóttir, hrl.
Reimar Pétursson, hrl.
Una Særún Jóhannsdóttir, sérfræðingur hjá sænska samkeppniseftirlitinu

Viðbrögð:

Brynjar Nielsson, alþingismaður og varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Fundarstjóri: Marta Guðrún Blöndal, lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

Léttur morgunverður frá kl. 8.00

 Vinsamlegast skráið þátttöku á www.vi.is



Framhlið húss gjörónýtt eftir sprengingu

BELGÍA Að minnsta kosti fjórtán manns eru særðir eftir að mikil sprenging í íbúðarhúsi skók belgisku borgina Verviers síðdegis í gær.

Sprengingin var svo öflug að framhlið hússins er gjörónýtt. Ekki er vitað hvað olli sprengingunni en fyrstu fréttir herma að um gassprengingu hafi verið að ræða.

Gangandi vegfarendur hjálpuðu íbúum að komast út úr húsinu og íbúum nærliggjandi húsa var gert að yfirgefa heimili sín til að tryggja öryggi á svæðinu. Slökkviliðsmenn voru svo á vettvangi fram eftir degi að rannsaka slysstaðinn.

14

Eru særðir eftir sprenginguna

Bærinn Verviers er 55 þúsund manna bær sem komst í heimsfréttirnar í tengslum við Parísarárásirnar í nóvember. Abdelhamid Abaaoud, einn af höfuðpaurunum í árásum, var leiðtogi hryðjuverkasamtaka í bænum. Í janúar á þessu ári dóu tveir úr samtökunum í áhlaupi lögreglu í bænum. - sój



FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

1. Að minnsta kosti sautján manns létust og fimmtíu særðust í sprengjuárás í Pakistan í gær. Árásin átti sér stað nærri landamærum Afganistans.

2. Í gær var einn mánuður liðinn síðan hryðjuverkaárásirnar í París voru gerðar sem kostuðu hundrad og þrjátíu manns lífið. Fólk víðsvegar að úr Frakklandi safnaðist saman fyrir utan staðina þar sem vöðaverkin voru framin og minnst farnar lambanna.

3. Salma bint Hizab al-Oteibi varð á laugardag fyrsta konan til að hljóta kjör í Sádi-Arabíu. Ásamt henni voru tvær aðrar konur og sjö karlar í framboði í hverfinu. Þetta er í fyrsta sinn sem konur fá að bjóða sig fram og kjósa í landinu.

4. Filippseygsk stelpa safnaði saman gagnlegum ílátum við síki suður af borginni Manila á Filippseyjum í gær.

5. Indónesíska grímuhátíðin var haldin hátíðleg í gær í Surabaya í Indónesíu. Þúsundir tóku þátt í hátíðinni að vanda.



Jólin nálgast.

Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.

BOSCH

BOSCH
Expressó-
kaffivél

TCA 5309

Alsjálfvirk kaffivél sem býr til kaffi og expressó með einum hnappi. Þrýstingur: 15 bör.

Jólaverð:

63.900 kr.

Fullt verð: 79.900 kr.



magisso

Terracotta-línan frá Magisso

Náttúrulegur leir sem heldur köldu í marga klukkutíma. Sniðugar gjafir.



Skál

Tekur einn lítra.

Jólaverð:

6.320 kr.

Fullt verð: 7.900 kr.



Flöskukælir

Jólaverð:

10.192 kr.

Fullt verð: 12.740 kr.

Karafla

Tekur einn lítra.

Jólaverð:

7.824 kr.

Fullt verð: 9.780 kr.

Secrid veski

Jólaverð frá:

9.960 kr.

Fullt verð frá: 12.450 kr.



20%
afsláttur af
öllum Secrid
veskjum.

Blossum
kertastjappar

Koma í flatri pakkningu.

Jólaverð:

8.720 kr.

Fullt verð: 10.900 kr.



Muurla

Bollarnir frá Muurla eru léttir, sterkir og endingargóðir. Gerðir úr glerungshúðuðu matvælastáli.

Litlir bollar

2,5 dl.

Jólaverð:

2.288 kr.

Fullt verð: 2.860 kr.



Stórir bollar

3,7 dl.

Jólaverð:

2.688 kr.

Fullt verð: 3.260 kr.



Peugeot
salt- og piparkvarnir

Hágæða kvarnir með 30 ára ábyrgð á kvörninni.



20%
afsláttur af
Peugeot
kvörnum.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

Öll tilboð gilda út desember 2015 eða á meðan birgðir endast.

Heimspekkt hönnun –

Eames Lounge Chair
Ray og Charles Eames, 1956



Eames DAW
Tilboðsverð 64.900 kr.
verð áður 79.900 kr.
Ray og Charles Eames, 1950



Eames House Bird
Verð 19.900 kr.



Sunburst
Tilboðsverð 39.900 kr.
verð áður 49.900 kr.
George Nelson, 1949

Opið laugardag 11-16 og sunnudag 13-17

vitra.

frábært verð



Rotary Tray

Verð 6.900 kr.

Jasper Morrison, 2014



Eames DSR

Tilboðsverð 37.900 kr.

verð áður 44.400 kr.

Ray og Charles Eames, 1950



Uten.Silo minna

Tilboðsverð 34.900 kr.

verð áður 42.900 kr.

Dorothee Becker, 1969/1970

Gott fólk



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Af öllu því sem við reynum að kenna börnunum okkar er ekkert eins mikilvægt og það að vera góð manneskja. Að breyta rétt gagnvart öðrum og láta sig varða um líf og líðan náungans. Að gæta bróður síns eins og einhver kynni að orða það. Með sama hætti viljum að okkar sé minnst með því að sagt verði um okkur „hann var góður maður“ eða „hún var góð kona“. Það eru eftirsóknarverð eftirmæli.

Eftirsóknarverð en svo sannarlega ekki gefins því við getum þurft að hafa fyrir þeim á hverjum degi. Leggja okkur fram um að breyta rétt með líf og hagsæld annarra að leiðarljósi. Því gott fólk getur líka átt það til að gera ekkert og öll vitum við eins vel og Edmund Burke hvað það getur haft í för með sér þegar góðir menn gera ekkert. Og eftir því sem okkur er falið meira vald þá vex ábyrgðin. En sá sem sækist eftir valdinu hlýtur að vilja axla ábyrgð. Axla þá ábyrgð að gæta bróður síns.

Í liðinni viku var tuttugu og sjö einstaklingum vísað úr landi. Þar á meðal voru tvær albanskar fjölskyldur með tvö langveik börn. Gríðarlegar óánægju gætir í samfélaginu með þessa ákvörðun Útlendingastofnunar enda erfitt að sjá að þarna sé mannið höfð að leiðarljósi. Viðbrögð Hróðmars Helgasonar barnalæknis, efasemdir um gæði heilbrigðiskerfisins í Albaníu og möguleikar barnanna til einhvers eða betra lífs eru þungur áfellsdómur yfir þessari ákvörðun. Ákvörðun þar sem þröngt túlkad regluverk og hamlandi lagarammar eru ofar lífi og velferð ungra barna. Í því er fólgin mikil smán fyrir íslenskt samfélag.

Þessi smán er okkar allra því þessi ákvörðun er tekin í nafni okkar allra. Í nafni þjóðarinnar. Þjóðar þar sem þó þrátt fyrir allt þúsundir andæfa, gagnrýna og mótmæla þessari ákvörðun og eru fyrir vikið uppnefnd „góða fólk“ eins og þar sé á ferðinni einhver hópur fólks sem telur sig betra en aðra. En þetta er bara venjulegt fólk sem vill breyta rétt. Hvernig getur það verið slæmt að vilja vera góður? Samfélag þar sem góðmennska er höfð á orði fólk til hnjóðs hlýtur að vera á skelfilegum villigötum.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra er æðsti yfirmaður Útlendingastofnunar en hún telur engu að síður að hún hafi ekki getað haft nokkur áhrif á framvindu málsins. Að ábyrgðin fylgi ekki valdinu og að hún sé aðeins, eins og hún orðar það sjálf, „birtingarmynd málsins“ en ábyrgðin sé alls ekki hennar. Það er skiljanlegt að hún vilji ekki bera ábyrgð á því að senda þessi börn út í óvissuna. Slík ábyrgð hlýtur að vera þungur kross að bera. En hvort sem Ólöfu líkar það betur eða verr þá er hún fulltrúi okkar þjóðarinnar og því ber henni að axla þessa ábyrgð. Taka málið upp og sjá til þess að þessi börn sem við sendum úti í óvissuna verði færð hingað heim í skjól og öryggi og fái hér bestu læknaaðstoð sem völ er á endurgjaldslaut.

Og við sem þjóð þurfum að gera meira af því að breyta rétt og láta okkur varða um bræður okkar og systur í umheiminum. Við sem þjóð viljum nefnilega geta horft framan í heiminn og sagt kinnroðalaust að það búi gott fólk á Íslandi.



Við sem þjóð viljum nefnilega geta horft framan í heiminn og sagt kinnroðalaust að það búi gott fólk á Íslandi.

Halldór



Frá degi til dags

Með boltann á lofti
Loftslagsráðstefnan í París fór ekki fram hjá neinum nema forsætisráðherra á laugardag. Fjórutíu mínútur eftir að sögulegur loftslagssamningur var samþykktur með lófataki í París setti Sigmundur Davíð Gunnlaugsson eftirfarandi færslu á Facebook: „Ánægður með riðlana á EM. Þetta þýðir að við getum mætt Frakklandi í 8-liða úrslitum, Þýskalandi í undanúrslitum og Englandi í úrslitaleiknum... og það með því að ná bara 2. sæti í riðlinum.“

Efnidir fylgi orðum
Samkvæmt tölum Umhverfisstofnunar átti iðnaður 47 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi árið 2013. Skagfirðingurinn Gunnar Bragi Sveinsson fagnaði samkomulaginu á Twitter í gær og sagði að nú skipti verulegu máli að efnidir fylgdu orðum. Það liggur fyrir tillaga í fjárlagafrumvarpi næsta árs um að leggja til þrjátíu milljónir í undirbúning fyrir álver í Skagafirði. Það er spurning hvort efnidarnir felist ekki í því að fella þá tillögu út. Ísland hefur tæplega efni á frekari stóriðju ef ríkisstjórnin ætlar ekki að spila út súkkulaðikúlsþjaldinu á alþjóðavettvangi. snaeros@frettabladid.is

Eigum við ekki að fara að segja þetta gott, Ólafur?



Arnar Þór Stefánsson
hæstaréttarlögmaður

Opið bréf til forseta Íslands.

Sæll herra Ólafur Ragnar. Takk fyrir góð störf sem forseti á undanförunum tæpum 20 árum. Framlag þitt til beins lýðræðis á Íslandi með tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum fyrir þína tilstuðlan verður lengi í minnum haft. Þá varstu öflugur talsmaður okkar þjóðar þegar mest varði. Þú hefur gert margt gott sem forseti, en sumt síður, eins og gengur.

Tuttugu ár eru langur tími – sérstaklega fyrir einn mann á forsetastóli. Um leið og ég þakka þér góð og gagnmerk störf vildi ég líka nefna við þig að mér þykir sem nú sé kominn tími til að þú látir af embætti. Vildi segja þér það umbúðalaust. Þú sagðir sjálfur í kosningabaráttunni 1996 að átta ár sem forseti væri hæfilegur tími. Nú hefurðu setið í embætti tólf árum betur. Þú ert sá núverandi þjóðkjörni þjóðarleiðtogi í Vestur-Evrópu sem ert þaulsetnastur. Í Evrópu allri hefur Alexaner Lúkasjenkó í Hvíta Rússlandi einn setið lengur. Ekki viljum við bera okkur saman við hann.

Það er hægt að skilja rök þín fyrir því að sérstakar aðstæður árið 2012 hafi kallað á veru þína eitt kjörtímabil í viðbót. Slíkar aðstæður eru ekki fyrir hendi nú. Ekkert í stöðu stjórn mála eða þjóðmála hérlendis á þessum tímapunkti kallar á að þú verður forseti fjögur ár í viðbót. Að fara fram einu sinni enn er of langt gengið. Í gestapætti Hávamála er mælt gegn því að menn séu of þaulsetnir. Mikilvægt er að þekkja sinn vitjunartíma. Þetta á við þig sem aðra. Enginn er ómissandi.

Ég vil einnig gjarnan að þú látir okkur vita sem fyrst að nóg sé komið. Þá er ég m.a. að hugsa til alls þess góða fólks sem hefði áhuga á að bjóða sig fram næsta sumar. Það þarf tíma til að taka svo stóra ákvörðun sem framboð til forseta er. Það þarf líka tíma til að undirbúa framboð. Ég veit að það er fjöldi öflugra einstaklinga sem gæti tekið þetta verkefni að sér. Ég skora á þig að taka af öll tvímæli um að nú sé komið gott í næsta nýársávarpi.

Ágæti herra Ólafur. Nú þegar mér þykir að leiðarlokom komið hjá þér vildi ég itreka þakkar minar fyrir það góða sem þú gerðir fyrir land og þjóð. Hafðu það sem best.



Ég skora á þig að taka af öll tvímæli um að nú sé komið gott í næsta nýársávarpi.

Stefán Máni
eins og hann gerist bestur!

„Óhugnanlega vel skrifuð, vel fléttuð og spennandi saga.“

BB í Fréttablaðinu



„Ferlega góður spennulestur.“

Auður Haralds á RÚV



sögur
UTGÁFA

Vandi og vegsemd

Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur

Ein af forsendum þess að okkur liði bærillega í þessu samfélagi er sú að við getum borið traust til stjórnsýslunnar – þó ekki væri nema svolitíð. Dæmin sanna að við eigum það til að kjósa til þings fólk sem er misvel þeim vanda vaxið. Þegar allt í einu eru komnar í valdastöður manneskjur sem augljóslega eiga ekkert erindi þangað riður á miklu að í stjórnsýslunni – í kerfinu – séu vandaðir embættismenn sem hafa almannahag að leiðarljósi og starfa í anda þeirra laga sem störf þeirra lúta, en túlka ekki bókstafinn of einstrengingslega.

Fráleitur málarekstur

Tveir atburðir í síðustu viku voru átakanlegur vitnisburður um að misbrestur er á þessu og full ástæða fyrir almenning að hafa vara á sér gagnvart stjórnsýslunni hér á landi. Við sáum tvö dæmi um ákvarðanir sem urðu til einhvers staðar inni í nafnlausum myrkvíðum kerfisins, en voru teknar af manneskjum af holdi og blóði, og ofbuðu báðar réttlætiskennnd og sómatilfinningu almennings. Báðar ákvarðanirnar sýna okkur „kerfið“ sem fjandsamlegt, dyntótt, óskiljanlegt og óútreiknanlegt.

Fyrra tilvikið varð til löngu fyrr – og fyrir alltof löngu – þegar menn á vegum lögreglu og síðar saksóknara ákveða að halda til streitu fráleitum málalíbúnaði á hendur Ástu Kristínu Andrésdóttur hjúkrunarfræðingi löngu eftir að augljóst var að sakargiftir stóðust ekki. Rannsókn leiddi fljótlega í ljós að hún bar ekki sök á dauða sjúklings – og þótt svo hefði verið myndi þar hafa verið við mannfæð og glæpsamlegt álag að

sakast. Og nær að draga fjárlaganefnd fyrir dóm. En þótt sakleysi Ástu lægi fljótlega fyrir var málið engu að síður látið malla áfram í óskiljanlegu ferli hjá yfirvöldum og í heil þrjú ár vofði þessi fráleita ákæra yfir Ástu. Málinu var réttilega vísað frá í héraðsdómi og Ásta Kristín sýknuð af öllum ákærum, en samt hefur ekki enn frést af því að saksóknari ætli að falla frá áfrýjun til Hæstaréttar, rétt eins og þar á bæ þyki mönnum ekki nóg að gert, drátturinn ekki hafa verið alveg nægur, og enn skuli Ásta dregin á því að fagna endanlegum lyktum þessa ömurlega máls – enn sé einhver þar innandyra sem ekki getur horfst í augu við að hafa tekið ranga ákvörðun um ákæru. Enn hef ég ekki séð neinn í fjölmiðlum þurfa að svara fyrir þennan málalíbúnað.

„En það bar til um þessar mundir...“

Hitt málið er svo óskaplegt að vart er hægt að tala um það. Langveikur drengur frá Albaníu er rekinn út á guð og gaddinn. Ekki er ráðgast við lækna. Að mati „kerfisins“ hafði hann það ekki alveg nógu slæmt til að íslensk miskunn næði til hans. Fjölskyldan var dregin á svári og smám saman vakna vonir um að hún fái hér skjól, enda mælir allt með því og ekkert gegn því – en nei: það stendur í fyrsta boðorðinu hjá Útlendingastofnun að aldrei megi veita Albönum skjól. Þeir hafa það vist svo gott í Albaníu – þar er nefnilega svo mikil einkavæðing.

Fjölskyldan hafði komið sér vel fyrir í grónu hverfi, heimilisfáðirinn vel látinn múrari í góðri stöðu, börnin í skóla; og drengurinn þarf á lækniþjónustu að halda. Því er þessi albanska fjöl-



Myndin af litla drengnum með tuskubangsann sinn á leið út í myrkríð og kuldann verður greipt í minni okkar allra um ókomin ár og mun í hvert sinn sem hún kemur í hugann vekja með okkur sára skömm yfir því að vera Íslendingar; að hafa látið Útlendingastofnun fara sínu fram af slíkri rangsleitni, í okkar nafni.

skylda komin hingað: þau deila ekki skoðun Ásdísar Höllu sem hefur látið hafa eftir sér að albanskt heilbrigðis-kerfi sé „ljósárum á undan okkar“, af því að þar er svo mikil einkavæðing.

Engu var líkara en að lögð væri áhersla á sem óhugnanlegasta sviðsetningu á því myrkraverki að vísa þessu nauðleitarfólki burt frá Íslandi. Þetta var eins og uppsetning Útlendingastofnunar á sinni útgáfu af helgileiknum sem við vorum látin leika á adventunni í Vogaskóla þegar ég var barn. „En það bar til um þessar mundir...“

Myndin af litla drengnum með tuskubangsann sinn á leið út í myrkríð og kuldann verður greipt í minni okkar allra um ókomin ár og mun í hvert sinn sem hún kemur í hugann

vekja með okkur sára skömm yfir því að vera Íslendingar; að hafa látið Útlendingastofnun fara sínu fram af slíkri rangsleitni, í okkar nafni. Augljóst er að þar innan veggja er starfað eftir einstrengingslegum túlkunum á fremur einstrengingslegum lagabókstaf, sem þó gefur svigrúm til að veita fólki hæli hér á landi af mannúðarástæðum, auk þess sem barnasáttmáli SP ætti þarna að koma til álita. Slíkar ástæður eru ekki taldar ná til langveikra barna að mati þessarar stofnunar.

Við þurfum að fara að endurskoða þá römmu einangrunarhyggju sem liggur til grundvallar stefnu Íslendinga í innflytjendamálu þvi að hún endurspeglar ekki þankagang samfélagsins. Við þurfum að endurskoða þá reglu að enginn megi flytjast til Íslands, nema vera annaðhvort á vegum starfsmanna-leigu eða vera kvótaflóttamaður undan stríði, vandlega valinn.

Sigurður Nordal talaði um „vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur“. Haldist Útlendingastofnun uppi að starfa áfram óáreitt í þeim ómannúðlega forneskjuanda sem aftur og aftur gengur fram af þjóðinni, fer að verða tímabært að tala um vanda þess og vansæmd að vera Íslendingur.

Íslensk menning þolir alls konar fólk. Hér er nóg pláss. Sú menning sem einungis þrífst í einangrun og fásinni er dauðanum merkt og á ekki framtíð fyrir sér. Sú menningarþjóð sem ekki þolir sambýli við annars konar venjur, siði, átrúnað og listir stendur ekki undir nafni sem slík. Það er hvorki vandi né vegsemd að vera Íslendingur. Það þarf ekki annað til en að búa herna.

Gleymum ekki gleðinni



Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson rithöfundar

Lestur er algjör tímaþjófur. Við sem erum svo heppin eða óheppin að hafa alist upp í til-
tölulega skjálausu umhverfi, með enga farsíma eða iPad-a, gátum fátt annað leitað en í bókina þegar foreldrarir slökktu á sjónvarpinu og ráku okkur upp í rúm.

Reyndar er alveg öruggt að margir krakkar í dag vaka fram eftir við lestur á skemmtilegum ævintýrabókum, sumir eyða jafnvel verðmætum tíma sem ætti að fara í að leika úti með félögum, eða klára dæmin í skólabókunum, í að lesa einhverja vitleysu á borð við Andra Snæ eða Astrid Lindgren. Lestur, eins praktískur og hann er, hefur nefnilega alltaf verið afþreying, og það er auðveldast að læra að lesa þegar það er gaman.

Það vekur hjá okkur ugg ef auka á vægi prófa á kostnað sköpunar í skólastarfi. Það er auðvitað alltaf hægt að troða krökkum í ákveðið mót og þjálfa nógu marga í að taka próf sem síðan hækka þá ákveðin meðaltöl, en lestur er meira en bara lesskilningur.

Besta leiðin til að tryggja að krakkar haldi áfram að lesa, og auki þar með læsi sitt, hlýtur að vera að gefa þeim rými til að skemmta sér og skapa. Ef lestrargleðin grípur krakka er ansi snúid að koma í veg fyrir að þau lesi sér til yndisauka. Síðan má lita til efnahagslegra raka, ef það þarf endilega að byggja þetta á slíku.

Veltið fyrir ykkur hvornig krakkar það eru sem verða að frumkvöðlum framtíðarinnar. Í Kína var áratuga-

gömlu banni á vísindaskáldskap aflétt í von um að ungir lesendur yrðu að eldri frumkvöðlum. Ef þið viljið menningarleg rök veltið þá fyrir ykkur hvaðan rithöfundar framtíðarinnar eiga að koma og hvort mánaðarleg próftaka verði til að auka áhuga krakka á bókmenntum eða ekki. Ef þið viljið mannleg rök, veltið þá fyrir ykkur hvort rétt sé að ræna einhvern ánægjuna af lestri.

Aukin próftaka mun ekki skila betri nemendum út í lífið þótt niðurstöður í Pisa-prófum kunni að lagast örlítið. Aukið listrænt starf í skólum, auk öflugri skólabókasafna og aukins sjálfstæðis kennara mun til lengri tíma lítið skila meiri árangri. Gagnrýn og skapandi hugsun vegur þyngra en 0,02 hærra meðaltal á stöðluðum samanburðarlista. Lestur á undir högg að sækja.



Aukin próftaka mun ekki skila betri nemendum út í lífið þótt niðurstöður í Pisa-prófum kunni að lagast örlítið.

Við búum ekki í skjálausum heimi, og meira að segja þegar við vorum ungir menn var Gameboy og Nintendo þegar farið að éta upp dýr-mætan lestrartíma.

Við vorum heppnir að hafa góðar bækur nálægt okkur sem biðu þolinmóðar. Þótt framboð á afþreyingu sé meira enn nokkurn tíma áður þá eru þessar bækur og fleiri þarna enn þá. Það er mikilvægt að skrifa nýjar og fjölbreyttar íslenskar bækur fyrir ungt fólk, og að hvetja ungt fólk til að skrifa. Ekki til að svara prófspurningum heldur til ánægju. Þeim sem finnst skemmtilegt að lesa og skrifa ná á endanum öllu hinu. Líka prófunum.



Reykjavíkurborg

Stelpur stjórna – Málþing í Ráðhúsi Reykjavíkur

Mánudaginn 14. desember stendur Reykjavíkurborg fyrir málþingi í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á fæðingardeggi Ingibjargar H. Bjarnason undir yfirskriftinni **Stelpur stjórna**. Málþingið er hluti af 100 viðburðum sem Reykjavíkurborg stendur að í tilefni þess að 100 ár eru liðin frá því íslenskar konur hlutu kosningarétt.

15.00 Setning málþings:

Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks setur þingið.

15.05 Erindi:

Auður Styrkárssdóttir forstöðumaður Kvinnasögusafns fjallar um stjórnmálaþátttöku kvenna síðustu 100 ár.

15.25 Pallborðsumræður- sætustu sigrar og stærstu áskoranir í borgarstjórn. Í pallborði eru:

Hanna Birna Kristjánsdóttir frá Sjálfstæðisflokki, Sigrún Magnúsdóttir frá Framsóknarflokki, Svandís Svavarsdóttir frá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði, Guðrún Ögmundsdóttir frá Samfylkingu og Guðrún Jónsdóttir frá Kvinnaframboðinu sem munu ræða sína sætustu sigra og stærstu áskoranir.

Hver fær 7 mínútur á framsögu.

16.15 Umræður og fyrirspurnir

Fundarstýra: Sirrý Arnardóttir sjónvarpskona á Hringbraut

16.30 Stelpur filma og Stelpur rokka skemmta



Allir velkomnir



Leið Íslands á EM 2016


Austurríki er í **10. sæti** á FIFA-listanum, hefur hækkað um 13 sæti frá því í janúar.
Annað Evrópumótið (2008)
Stærstu stjórnurnar: David Alaba (Bayern München), Marko Arnautović (Stoke) og Marc Janko (Basel).

Portúgal er í **7. sæti** á FIFA-listanum og er í sama sæti og í janúar.

Sjöunda Evrópumótið (1984, 1996-2012)
Stærstu stjórnurnar: Cristiano Ronaldo (Real Madrid), Nani (Fenerbahce) og Pepe (Real Madrid).

Ungverjaland er í **20. sæti** á FIFA-listanum, hefur hækkað um 25 sæti frá því í janúar.

Þriðja Evrópumótið (1964, 1972)
Stærstu stjórnurnar: Zoltán Gera (Ferencváros), Gábor Király (Haladás) og Balázs Dzsudszák (Bursaspor).



Ísland Austurríki
22. JÚNÍ | STADE DE FRANCE
81.338 sæti / ISL 16.250

Ísland Portúgal
14. JÚNÍ | GEOFFROY-GUICHARD
42.000 sæti / ISL 8.000

Ísland Ungverjaland
18. JÚNÍ | STADE VÉLODROME
67.394 sæti / ISL 13.400

Hér verða höfuðstöðvar íslenska landsliðsins á meðan á keppnini stendur.



Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sex mörk fyrir íslenska landsliðið í undankeppninni en aðeins hann og Austurríkismaðurin Marko Janko (7 mörk) náðu því af leikmönnum sem munu spila í F-riðlinum á EM 2016.

Nýjast

Enska úrvalsdeildin

Norwich	1-1	Everton
Crystal Palace	1-0	Southampton
Man. City	2-1	Swansea
Sunderland	0-1	Watford
West Ham	0-0	Stoke
Bournemouth	2-1	Man. United
Aston Villa	0-2	Arsenal
Liverpool	2-2	West Brom
Tottenham	1-2	Newcastle

Efst	Neðst		
Arsenal	33	Bournemouth	16
Man. City	32	Newcastle	16
Leicester	32	Chelsea	15
Man. Utd.	29	Swansea	14
Tottenham	26	Norwich	14
C. Palace	26	Sunderland	12
Watford	25	Aston Villa	6

Hvað gerði Gylfi?

Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea sem tapaði á móti City. Gylfi lék allan leikinn og þótti besti maður Swansea á morgnum miðlum þar á meðal Wales Online og Daily Mail.

Stærstu úrslitin Nýliðar

Bournemouth fylgdu eftir sigri á Chelsea á Brúnni um síðustu helgi með því að vinna 2-1 sigur á Manchester United sem þýðir að þeir eru nú ofar í töflunni en Chelsea.

Hetjan Odion Ighalo tryggði öðrum nýliðum, Watford, 1-0 útisigur á Sunderland sem kemur liðinu upp í 7. sæti. Ighalo hefur skorað 10 af 18 deildarmörkum Watford.

Kom á óvart Newcastle vann sinn annan leik í röð og varð enn fremur fyrsta liðið til að vinna Tottenham síðan 6. ágúst og það á White Hart Lane.


Þæja við erum að fara vinna riðilinn. Getum unnið alla þessa leiki. Með hjálp @Silfurskeidinn og tolfunnar.

Máni Pétursson @Manipeturs

Undanriðillinn var jafnvel sterkari! Áfram Ísland.

Teitur Örylgsson @teitur11

SETTI NÝTT ÍSLANDSMET MEÐAL STÓRU STJARNANNA Hrafnhildur Lúthersdóttir bætti Íslandsmetið sitt í 100 metra bringusundi meðal stjarnanna í keppni Bandaríkjanna og Evrópu á mótinu Duel in the pool í Indianapolis. Hrafnhildur synti á 1:05,92 mínútum og bætti gamla metið sitt um tuttugu hundraðshluta en það setti hún 13. nóvember. Hrafnhildur endaði í sjötta sæti í sundinu alveg eins og í 200 metra bringusundinu þar sem hún var hálfri sekúndu frá metinu. Eygló Ósk Gústafsdóttir var talsvert frá sínu besta í 200 metra bak-sundi. Bandaríska liðið vann Duel in the pool 2015, fékk 155 stig á móti 107 en evrópsku stelpurnar unnu þó sínar greinar 68-63.



Í dag

19.45 Lazio - Sampdoria	Sport
20.00 Leicester - Chelsea	Sport 2
22.00 Messan	Sport 2

Riðlarnir og erfiðleikastuðlarnir

A-riðill: Frakkland, Albanía, Rúmenía, Sviss Guardian: 6. sæti (Léttastur)	D-riðill: Spánn, Tyrkland, Tékkland, Króatía Guardian: 1. sæti (Erfiðastur)
B-riðill: England, Wales, Slóvakía, Rússland Guardian: 4. sæti	E-riðill: Belgía, Írland, Svíþjóð, Ítalía. Guardian: 3. sæti
C-riðill: Þýskaland, Norður-Írland, Pólland, Úkraína. Guardian: 2. sæti (Næstefiðastur)	F-riðill: Portúgal, Ísland, Ungverjaland, Austurríki Guardian: 5. sæti (Næstléttastur)

Guardian = Samkvæmt styrkleikamati Guardian.



Það á að gefa börnum brauð...



FASTUS Veit á vandaða lausn

Dauðafæri eftir draumadrátt

Íslenska karlalandsliðið mætir einum besta fótbolta-manni heims og tveimur fornfrægum fótboltaþjóðum í mikilli sókn í úrslitakeppni EM næsta sumar.

FÓTBOLTI Íslenskt knattspyrnu-áhugafólk upplifði stóran draum í september þegar íslenska karlalandsliðið tryggði 300 þúsund manna þjóð sæti á sínu fyrsta stórmóti í karlafótboltanum og knattspyrnugudirnir fylgdu því eftir með að setja íslenska liðið í algjöran draumariðil þegar dregið var í riðlana í París um helgina.

Landsliðsþjálfarnir verða eflaust uppteknir við væntingastjórn næstu mánuðina því skiljanlega var íslenska þjóðin komin á flug eftir að íslenska liðið lenti í riðli þar sem liðið er í dauðafæri til að komast áfram í sextán liða úrslitin. Portúgal, Ungverjaland og Austurríki eru vissulega erfiðir mótherjar en það var enginn auðveldur andstæðingur í pottinum.

Minnug þess þegar við vorum að fara að vinna Eurovision í Bergen 1986, taka gullið á Ólympíuleikunum í Seúl 1988 og vinna HM á heimavelli 1995 þá er það ekkert nýtt að væntingar íslensku þjóðarinnar missi allt jarðsamband. Það er ekki hægt að fara að bóka sæti í sextán liða úrslitunum strax en það breytir þó ekki því að þetta var algjör draumadráttur.

Það er ekki nóg með að andstæðingarnir eru allt lið sem Ísland getur barist við á jafningjagrund-

velli, þá er staðsetning leikjanna hentug og það ættu að vera til miðar fyrir íslenska stuðningsfólkið. Tveir fyrstu leikirnir fara fram stutt frá höfuðstöðvum íslenska liðsins og sá þriðji á hinum stórglæsilega Stade de France. Það er ekki slæmt að mæta „eins manns liði“ Cristiano Ronaldo í fyrsta leik og svo bíða tvö lið sem hafa ekki mikla reynslu af stórmótum síðustu áratugi.

Það má því búast við að fjölmargir Íslendingar sækist eftir miðum þegar umsóknargluggi fyrir miða á leiki Íslands verður opnaður í dag en hann er opin til 18. janúar. Öll miðasalan fer fram í gegnum UEFA og ef eftirspurn er meiri en framboðið verður happdrætti.

Íslendingar fá 20 prósent af miðum í boði á hverjum leikstað og við erum heppin af því að strákarnir okkar spila á tveimur af stærstu völlumunum. Íslenskir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi eða erlendis, og erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi geta sótt um „íslensku“ miðana. Það kemur síðan í ljós í febrúar hvort menn hafa fengið miða en þangað til er um að gera sér að skoða og skipuleggja ferðlög og gistingu í Frakklandi. ooj@frettabladid.is

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

HÚSRÁÐ

Í snjó og slabbi blotna margir í fætarna. Þá er gott að troða dagblöðum í skóna á milli þess sem þeir eru í notkun en þau sjúga vel í sig alla bleytu.



Tilvalið í jólapakka grillarans



www.weber.is

SKÖTUHLAÐBORD FRAM AÐ JÓLUM



Skötuhlaðborðið vinsæla er á Sjávarbarnum við Grandagarð alla daga fram að jólum, jafnt í hádeginu sem á kvöldin og allan daginn á Þorláksmessu og dagana á undan.

SKÖTUHLAÐBORD SJÁVARBARSINS
Missterk skata – Saltfiskur – Síginn fiskur – Skötustappa – Plökkfiskur – Fiskibollur – Síldarréttir – Sviðasulta – Fjölbreytt meðlæti **2.900 KR. Á MANN**

SJÁVARBARNI
SEAFOOD RESTAURANT

Allt um skötuhlaðborðið á sjavarbarinn.is og á Facebook

AFSLÁTTAR- MIÐI



900 kr. afsláttur af skötuhlaðborðinu 9.20. desember, aðeins 2.000 kr. á mann.

Klipptu miðann út og hafðu hann með þér.

Gildir ekki 21-22. des. og á Þorláksmessu.

Sjavarbarinn • Grandagarði 9 sjavarbarinn.is • 517 3131



VEISLA UM JÓLIN Edda S. Jónasdóttir hefur um 30 ára skeið gefið vinum og ættingjum heimatilbúinn mat í jólagjöf sem mælist vel fyrir. MYNDIR/VILHELM

GOTT Í PAKKANN

MATARGJAFIR UM JÓLIN Heimatilbúinn matvara er frumleg og skemmtileg tilbreyting í jólapakkann. Slíkar jólagjafir henta öllum aldurshópum.

Sífelld færast í vöxt að fólk gefi heimatilbúinn matvæli í jólagjöf enda eru slíkar gjafir oft frumlegar, óvenjulegar og yfirleitt afar gómsætar. Edda S. Jónasdóttir er þó enginn nýgræðingur á þessu sviði enda gefið slíkar gjafir í þrjá áratugi við mikla gleði ættingja og vina. „Fyrstu árin var þetta nær eingöngu eitthvað sætt sem ég gaf, t.d. jólasælgæti eða smákökur.

Við systurnar og móðir mín útbjuggum þá heimalagað jólasælgæti og ég gaf vinum mínum í jólagjöf ásamt því jólasælgæti og smákökum sem ég hóf að búa til eftir að ég hóf sambúð.“

Innihald jólapakkans breytist milli ára. Sumar vörur sjást á hverju ári á meðan aðrar komast bara í pakkann í eitt skipti. „Það fer eftir því hvort mér líkaði við nýju vöruna eða ekki. Það er al-

gjörlega mitt eigið bragðskyn sem ræður þeirri ákvörðun. Með tímanum hef ég bætt við heimabökunum brauðum, t.d. döðlubrauði, bananabrauði, kúmenbrauði, hrökkkexi og rúgsigtimjölbrauði. Einstaka sinnum hef ég útbúið lauksultu, karamellusósu, paprikuryddaðar hnetur og ofnbakada tómata. Það fer allt eftir því hve mikinn tíma ég hef í eldhúsinu hvað framleitt er.“

Skemmtipakkinn

**FRÁBÆR
DAGSKRÁ
FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA**

**GJÖF TIL
ÁSKRIFENDA**
Áskrifendur fá tveggja mánaða áskrift að **Tónlist.is** og nýutkomna plötu **Bubba Morthens, 18 konur.**

Þeir sem eru áskrifendur að Skemmtipakkanum eiga gott í vöndum um hátíðarnar og öll fjölskyldan finnur sér þætti og kvikmyndir við hæfi. **Njóttu Skemmtipakkans í desember.**

*Gildir til 31. des. 2015 fyrir áskrifendur að völdum tilboðspökkum 365.

365.is | Sími 1817

365

HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.

Tilvalin jólagjöf

15%

Jólaafsláttur af þessum fráþæru hleðslutækjum



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is



**HITA
KÚTAR**

Amerísk gæða framleiðsla

30-450
lítrar



Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



S A F T

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

RADSON 
áreiðanlegur hitagjafi



10 ára ábyrgð



LÁGHITA
MIDSTÖÐVAROFNAR



Hjá okkur eru ofnar hitamál



Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16 | Sími 412 12 00
110 Reykjavík | Fax 412 12 01

Við kynnum nýja heimasíðu, www.isleifur.is

FÓLKJÓL



GOTT Í MAGA OG Í PAKKA Sýnishorn af því úrvali sem Edda hefur útbúið undanfarin ár.

MYND/VILHELM

ALLIR GLAÐIR

Hún segir alla vera glaða og káta yfir jólapökkunum. „Fyrir 10-15 árum hætti ég að senda jólakort nema til þeirra sem búa erlendis. Í staðinn heimsæki ég vini og ættingja, færi þeim brauð eða jólasælgæti og óska þeim gleðilegra jóla. Ég kemst nú ekki yfir allan vinkonuhópinn en reyni allavega að fara til þeirra sem hafa lent í erfiðleikum á árinu eða hjálpað mér á einhvern hátt. Ég flutti t.d. í ár og fékk mikla hjálp frá nokkrum vinkonum, mökum þeirra og ættingjum mínum.“

Aðspurð um uppáhalds matvöruna sem fer í jólapakkann nefnir Edda jólasælgæti sem hún hefur gert síðan hún var 18 ára. „Þetta er svona mitt á milli þess að vera sælgæti og smákaka. Ég fékk einu sinni verðlaun fyrir þessa tegund í smákökukeppni DV. Ég lærði að gera það hjá fjölskyldunni minni sem ég eignaðist er ég var skiptinemi í Bandaríkjunum 17 ára gömul. Þar lærði ég að baka margar tegundir enda eru Bandaríkjamenn góðir í smákökugerð.“

LÍÐUR VEL Í ELDHÚSINU

Yfirleitt hefur Edda matargerðina eftir 5. desember. Hún og sambylismaður hennar reka saman gistilheimili og eru skil á virðisaukaskatti þann daginn. „Eftir það byrjar gleðin hjá mér í eldhúsinu og ég nýti allan aukatíma sem ég hef í að útbúa einhver sætindi fram að

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð

áð



HNETUÆDI EDDU

Frábært í jólapakkann fyrir unga sem aldna.

jólum.“

Hún segir góða og fallega matvöru vera góða jólagjöf.

„Við vinkonurnar ræðum stundum okkar á milli hvers konar jólagjafir okkur þykir vænst um. Flestar nefna gjafir sem eyðast á borð við snyrtivörur, kerti og servíettur og svo eitthvað matarkyns, þar með talið sælgæti. Hins vegar finnst ekki öllum gaman að baka og margar vinkonur mínar eru mjög uppteknar. Mér líður hins vegar mjög vel í eldhúsinu og finnst það bara róandi enda alltaf haft áhuga á matargerð.“

HNETUÆDI EDDU

150 g suðusúkkulaði
150 g mjólkursúkkulaði
¾ b. kasjúhnetur, jarðhnetur eða makademia-hnetur, saltaðar
¾ b. kasjúhnetur, ósaltaðar
½ b. smjör
½ b. sykur
2 msk. síróp

Þekið stórt jólakökuform eða form sem er um 20 til 23 cm að stærð með álappír og smyrjið vel. Súkkulaðið sett í formið. Blandið saman hnetum, smjóri, sykri og sírópi í stóra þykkbotna pönnu. Hitið á háum hita, hrærið af og til þar til smjör og sykur hafa bráðnað. Hrærið stöðugt í þar til blanda verður fallega gyllt á lit og svolítið klesst saman. Lækkið hitann þegar þetta fer að þykkna. Setjið yfir súkkulaðið og sléttið vel.

Kælið þar til góðgætið er orðið harður klumpur. Brjótið í mola og geymið í kæli fram að notkun. Skemmtileg gjöf í fallegru krús með slaufu fyrir þá sem eiga allt.

SJÓ LAGA SMÁKÖKUR

Bræðið ½ bolla af smjóri í kökuformi sem er 24 cm x 33 cm. Verður að vera þessi stærð.

Myljið 1 bolla af heilhvæitkexi fínt og stráðið kexinu yfir bráðið smjórið og þrýstið því aðeins ofan í smjórið. Stráðið 1 bolla af kókospmjóli yfir kexið. Næst er 260-270 grömmum af söxuðu suðusúkkulaði stráð yfir, sama magn af butterscotch-dropum og næst einn bolli af söxuðum valhnetum eða pekanhnetum. Að lokum er einni dós af „condensed mjólk“ smurt yfir. Dósamjólkin er eins og þykk leðja og best að láta leka jafnt yfir hneturnar. Bakað í u.þ.b. 20-25 mín. við 175°. Gætið vel að ofbaka ekki því þá verður kakan of þurr. Kælið í ísskáp áður en kakan er skorin. Skerið í litla bita þannig að úr verði litlir munnbitar. Geymist best í frysti, annars í 1-2 vikur vel pakkaðar í plastfilnu í kælikáp.



SÍRÓPSBAKAÐAR HNETUR

SÍRÓPSBAKAÐAR HNETUR

1/8 bolli + 1 ½ msk. hlynsíróp
1/8 bolli síróp í flöskum frá Lyles
2 msk. púðursykur
½ tsk. salt
¼ tsk. sterk piparsósa, t.d. Tabasco
2 bollar valhnetur eða pekanhnetur eða blanda af báðum tegundum.

Blandið öllu saman í stóra skál nema hnetum. Hrærið með sleif þar til allt hefur blandast vel saman. Bætið hnetum út í og þekið þær vel með blöndunni. Dreifið hnetunum á bökunarplötu klædda bökunarpappír. Bakið við 175°C í 15-17 mín. Hrærið í með sleif á plötunni a.m.k. einu sinni til að þær brenni ekki. Það gerist mjög hratt ef ekki er fylgst vel með. Geymist í ísskáp.

SJÓ LAGA SMÁKÖKUR

Bókajól

14. desember 2015

KYNNINGARBLAÐ



Arnbjörn Kristinsson (t.v.) hjá Setbergi gaf út Matreiðslubókina mína og Mikka árið 1979. Nú er hún endurútgefin af Eddu útgáfu undir stjórn Jóns Axels Ólafssonar.

Jólagjafir sem gleðja börnin

Fátt gleður meira en góð bókargjöf um jólin. Edda útgáfa býður landsmönnum upp á gott úrval bóka fyrir jólin. Matreiðslubókin mín og Mikka er nú aftur fánleg vegna fjölda fyrirspurna og Frozen-bækurnar eru sívinsælar og góðar í jólapakkann.

Jólin eru tími bókanna enda fáar gjafir sem lifa jafn lengi og vel eins og góð bókargjöf. Edda útgáfa sérhæfir sig í útgáfu bóka og áskriftarklúbba með efni frá Disney og fleiri aðilum. Úrvalið í jólapakkann er því mikið að sögn Maríu B. Johnson, markaðsstjóra Eddu útgáfu. „Við leggjum mikinn metnað í að færa fjölskyldum töfra Disney með fjölbreyttu og vönduðu lesefni. Fjöldi slíkra bóka er á boðstólum fyrir þessi jólin eins og endranær. Af mörgum góðum má meðal annars nefna Matreiðslubókina mína og Mikka og Frozen-bækurnar.“

Bókin sem sló í gegn

Matreiðslubókin mín og Mikka kom fyrst út árið 1979 og sló ræki-lega í gegn hjá ungum sem öldnum. „Margir Íslendingar eiga vafalaust góðar minningar tengdar bókinni enda var hún til á nánast hverju heimili hér áður fyrr og kenndi nánast heilli kynslóð að elda. Nú er bók in loksins fánleg aftur í takmörkuðu upplagi enda hefur reglulega verið haft samband við okkur undanfarin ár og spurt út í bókina.“

Að sögn Maríu eiga krakk-

arnir sem elduðu upp úr bókinni áður fyrr örugglega góðar minningar tengdar þeirri eldamennsku enda hófu margir matreiðsluferil sinn með þessa góðu bók sér við hlið. „Nú eru margir þessara sömu krakka orðnir foreldrar sjálfir og því auðvitað tilvalið að lauma bókinni í jólapakkann í ár og endurvekja gömul kynni. Það er ekki ónýtt að hefja matreiðsluferilinn á Þönnukökum frá Undralandi, Eggjasnapsi bjarnarins Balla, Ostborgurum Jóakims, Muffins dverganna sjö eða öðrum spennandi og ljúffengum réttum.“

Ekkert lát á vinsældum

Frozen-vörurnar úr samnefndri kvikmynd njóta enn gífurlegra vinsælda og virðist ekkert lát á þeim að sögn Maríu. Edda býður upp á tvær stórskemmtilegar bækur fyrir jólin sem byggja á kvikmyndinni. „Fyrst má nefna Frozen Veislubókina

sem inniheldur 22 frábærar Frozen-veisluhugmyndir um hvernig hægt er að halda veislu sem væri boðleg hinum konunglegu systur, Önnu og Elsu. Bókin er glæsilega myndskreytt og hugmyndirnar auðveldar og skemmtilegar. Það er svo sannarlega hægt að skipuleggja veislu aldarrinnar með svona bók enda í henni t.d. hugmyndir að boðskortum, skreytingum, veitingum og leikjum.“

Nytsamleg bók

Frozen Hár & fönður er hugmynda- og fönðurbók sem inniheldur leiðbeiningar um hvernig á að gera glæsilegt hárskraut í anda prinsessanna í Arendell. „Þessi bók hefur verið mjög vinsæl hjá okkur. Með henni er t.d. hægt að læra að láta hárið líta út fyrir að vera þykkara, hvernig á að nota bursta, greiður og krullujárn og hvernig er best að skreyta hárið með slaufum, borðum og blómum. Sannarlega nytsamleg bók í jólapakkann fyrir ungar stúlkur og um leið foreldra.“

Bækurnar fást bókabúðum og öðrum verslunum sem selja bækur og einnig á www.edda.is. Allar nánari upplýsingar má finna á www.edda.is og á Facebook undir Edda útgáfa.



Frozen-bækurnar eru sívinsælar í jólapakkann.

Þessar eru tilnefndar

Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2015 voru tilkynntar í byrjun mánaðarinnar. 15 bækur voru tilnefndar í þremur flokkum, barna- og ungmennabóka, fagurbókmennta og fræðibóka og rita almenns efnis. Þetta er í 27. sinn sem tilnefningarnar eru kynntar.

Flokkur fagurbókmennta




Hermann Stefánsson
Leiðin út í heim
Útgefandi Bókaútgáfan Sæmundur



Hallgrímur Helgason
Sjóveikur í München
Útgefandi JPV útgáfa



Einar Már Guðmundsson
Hundadagar
Útgefandi Mál og menning




Jón Kalman Stefánsson
Eitthvað á stærð við alheiminn
Útgefandi Bjartur




Auður Jónsdóttir
Stóri skjálfti
Útgefandi Mál og menning

Flokkur barna- og ungmennabóka



Þórdís Gísladóttir
Randalín, Mundi og afturgöngurnar
Útgefandi Bjartur



Gunnar Theodór Eggertsson
Drauga-Dísa
Útgefandi Vaka Helgafell



Hildur Knútsdóttir
Vetrarfrí
Útgefandi JPV útgáfa




Arnar Már Arngrímsson
Sólvasaga unglings
Útgefandi Sögur útgáfa



Gunnar Helgason
Mamma klikk!
Útgefandi Mál og menning

Flokkur fræðibóka og rita almenns efnis



Smári Geirsson
Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915
Útgefandi Sögufélag




Gunnar Þór Bjarnason
Þegar siðmenningin fór fjandans til - Íslendingar og stríðið mikla 1914-1918
Útgefandi Mál og menning




Héðinn Unnsteinsson
Vertu úlfur - Wargus esto
Útgefandi JPV útgáfa



Páll Baldvin Baldvinsson
Stríðsárin 1938-1945
Útgefandi JPV útgáfa



Dagný Kristjánsdóttir
Bókabörn
Útgefandi Háskólaútgáfan



„Sérlega vel skrifuð og áhugaverð frásögn, sem býr yfir sálfræðilegri dýpt.“ – *Gyrðir Eliasson*

„... mesta hrós sem ég get gefið nokkru riti.“
– *Benedikt Jóhannesson, Heimur*

„Lýsingarnar á vináttu þeirra og samskiptum eru skrifaðar af hlýju og nærfærni og stíllinn er fádæma flottur.“ – *Friðrika Benónýsdóttir, Fréttatíminn*



Æviferill Megasar, verk umdeildasta listamanns þjóðarinnar, breiskleiki, hrösun og upprisa.

„Óttar Guðmundsson hefur unnið mikið afrek með bók sinni um Megas.“

Hrafn Jökulsson, Facebook



Landnám Íslands, forsendur þess og aðdragandi.
Landnámsbýlið Hólmur í Nesjum.

SKRUDDA

www.skrudda.is

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
1.990 kr.
til 31. desember*

3

FÁÐU STÖÐ 3
Á BETRA VERÐI
Í VETUR

Fáðu þér áskrift í
síma 1817 eða á 365.is

365

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 31. desember halda þessum kjörum í eitt ár.

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 • landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 897 8266



Sigurður Samúelsson
Löggiltur
fasteignasali
Sími 896 2312



Sveinn Eyland
Löggiltur
fasteignasali
Sími 690 0820



Íris Hall
Löggiltur
fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
Sölustjóri
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 770 0309



Eggert Maríusson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 690 1472



Guðrún Dilljá Lúdvíksdóttir
skjalagerð



Benedikt Ólafsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 661 7788



Nadia Katrín
Aðstoðarmaður
fasteignasala
Sími 692 5002



Kristján Ólafsson
Hrl og Lögg. Fast.



Helga Snorrardóttir
Skjalavinnsla



www.fasteignasalan.is



Elín Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

Þórðarsveigur 11 23,9m




Vantar eignir á skrá Frítt verðmat

- Eignin er laus við kaupsamning
- 2ja herbergja íbúð skráð skv. Þ.Í. 51,3 fm + bílskýli
- Lyftuhús
- 5.hæð (efsta)
- Suðvestur svalir - stórkostlegt útsýni
- Rúmlegt svefnherbergi
- Lyfta að bílskýli
- Falleg eign

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

Glæsihús í Mosfellsbæ

Eignamiðlun hefur til sölu glæsilegt og vandað 328,2 fm einbýlishús á tveimur hæðum innst í botnlanga með stórum þaksvölum og miklu útsýni til sjávar og fjalla við Prastarhöfða 57 í Mosfellsbæ. Falleg aðkoma er að húsinu og stórt hellulagt bílplan með snjóbræðslu.

Komið er inn í forstofu með svörtum graníflísam á gólfi og stórum forstofuskáp. Úr forstofu er stór rennihurð inn í íbúðina. Þar er mjög stórt fjölskyldurými/sjónvarpsstofa. Á vinstri hönd í sjónvarpsstofu er gestasalerni. Þar við hlið er flísalagt þvottahús og útgengt út á verönd. Inn af sjónvarpsstofu er svefnherbergisgangur. Þar á hægri hönd eru tvö góð svefnherbergi með parketi á gólfi. Á vinstri hönd á gangi er stór hjónaherbergissvíta með mikið skápaláss. Inn af hjónaherbergi er fallegt baðherbergi. Úr hjónaherbergi er gengið út á verönd og garð í suðvesturátt. Þar er heitur pottur og bekkur, útisturta og 25 fm útigeymsla/gróðurhús. Á svefnherbergisgangi er flísalagt baðherbergi.




Eignin öll er afar vonduð að innan sem utan.

Úr sjónvarpsstofu er stigi upp á efri hæðina. Þar er eldhús, borðstofa og stofa í stóru og björtu rými með miklu útsýni. Í eldhúsi er hvít háglans U-laga eldhúsinnrétting með svartri granitborðplötu ásamt eyju. Í innréttingu eru vonduð tæki. Úr stofu er gengið út á 160 fm þaksvallir. Á verönd er yfirbyggt geymslurými fyrir útihúsgögn og grill.

Á vinstri hönd úr forstofu er innangengt í rúmgóðan flísalagðan bílskúr. Inn af bílskúr er rúmgóð geymsla.

Falleg og vonduð eign á besta stað í Höfðahverfinu í Mosfellsbæ.



Után opnunartíma gefur **Kjartan Hallgeirsson lögg. fasteignasali** uppl. í s:824-9093 eða kjartan@eignamidlun.is




Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

Pétur Pétursson
lögg. fasteignasali
Petur@berg.is



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
Lögræðingur



Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason



Gunnlaugur A. Björnsson




Ásdís Irena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook



Freyjubrunnur - 2 íbúðir eftir.
Í vonduðu nýju fjölbýlishúsi eigum við eftir tvær óseldar íbúðir. 91 fm 3ja herbergja. Öllum íbúðum fylgja stæði í bilageymslunúsi. Íbúðirnar eru afhentar fullbúnar án gólfefna. Afhending í mars 2016. Verð 33,9 milljónir.



Mariubaugur 133 - 3ja herb
Skemmtileg íbúð á fyrstu hæð á góðum stað í Grafarholti. Smekklegar innréttingar í eldhúsi og baði. Íbúðin er með mjög góðum ca. 25fm sóllpalli sem visar í suður. Þvottahús innan íbúðar. Aðeins ein íbúð á hverri hæð. Verð 30,9M.
Opið hús 15. des kl. 17:30-18:00.
Uppl. veitir Jón 7771215



Hraungata - Nýtt
Til sýnis og sölu vandað og vel hannað átta íbúða lyftuhús á góðum útsýnisstað í Urriðaholti. 3ja og 4ra herbergja íbúðir allar með stæði í opnu bílskýli, stærðir 118-176 fm. Bjartar íbúðir með stórum svölum, vonduðum innréttingum, tækjum og gólfefnum að hluta. Nánari upplýsingar og teikningar á skrifstofu.



Þórðarsveigur - 4ra herb.
Góð 113 fm íbúð með séringang, stæði í lokuð bílskýli og yfirbyggðar svalir. Parket og flisar á gólfum og eikarinnréttingar. Gott útsýni og órstutt í leik- og barnaskóla ásamt íþróttasvæði Fram. Uppl. veitir Bogi s 6993444



Álftahólar - 3ja herb
Góð og alveglega endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Nýlegar innréttingar, parket og flisar á gólfum. Suðursvalir út frá stofu sameiginlegt þvottahús og sérgeymsla í sameign. V. 26,5 m. Laus til afhendingar.



Furugerði - Einbýli
Vandlega hannað og vel byggt einbýlishús. Húsið er teiknað af Helga Hjálmarssyni. Húsið er skráð 241,5 fm. Íbúðarrými 216,9 fm og bílskúr 24,6 fm. Húsið reynist þó nokkuð stærra og einnig er kjallari undir bílskúrnum. 5 svefnherbergi og góðar stofur með arni. Einstakt hús miðsvæðis í Reykjavík. Uppl. veitir Bogi 6993444



Priggja til fjögurra herbergja í 104.
Til sölu er 3ja til 4ra herbergja íbúð á þriðju hæð í Gnóðarvogi. Tvö góð svefnherbergi og tvöföld stofa, flísalagt baðherbergi, geymsla innan íbúðar. Svalir til suðurs sem eru yfirbyggðar að hluta. Öll þjónusta er við hendina. V. 33,5 m. Uppl. veitir Brynjólfur 896-2953.



Espigerði - 4ra með miklu útsýni.
Falleg um 116 fm íbúð á 5. hæð ásamt stæði í bilageymslu. Íbúðin er með 3 herbergjum og bjartri stofu. Tvennar svalir með miklu útsýni. Vandað parket á gólfum. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. Frábær staðsetning. Verð 39,9 millj. Frekari upplýsingar veitir Finnboði, 895-1098.



Breiðavík - Falleg 3ja herb.
Góð 95 fm íbúð á góðum útsýnisstað í Grafarvogi. Tvö rúmgóð herbergi og björt suðurstofa með stórum svölum. Parket á gólfum. Frábær staðsetning þar sem öll þjónusta og skólar eru í göngufæri. Verð 31 millj.



Boðaping 1-3 - fyrir 55+
Höfum hafið sölu á íbúðum í Boðapingi fyrir 55 ára og eldri. Glæsilegt nýtt hús sem er í byggingu, stærðir íbúða frá 91-172 fm. Afhentar fullbúnar næsta vor, án gólfefna. Verð frá 29,5 millj. Frekari upplýsingar og bækling má fá á skrifstofu Heimili.



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN** ehf.



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisli@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halldór Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halldor@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

LANGALÍNA 28- 32, SJÁLANDI GARÐABÆ.

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Sérlega glæsilegt 3ja hæða áíklætt fjölbýlishús í Sjálandi í Garðabæ. Íbúðirnar eru frá 103 fermetrum upp í 189 fermetrar og eru afhentar með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnási og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með tvennum svölum eða stórum timburveröndum og svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

Langholtsvegur - hæð og ris ásamt bílskúr. Miklir möguleikar til útleigu.



Falleg 110,5 hæð og ris ásamt 44,0 fm. bílskúr eða samtals 154,5 fm.

Búið er að útbúa tveggja herbergja íbúð í risi og einnig er búið að útbúa tveggja herbergja íbúð í bílskúr. Miklir möguleikar til útleigu. Flísalagðar svalir til suðurs út af aðalhæð. Góðar súðargeymslur eru í risi. Frábær staðsetning í austurbæ Reykjavíkur. Gróin falleg lóð með miklum trjám

Verð 54,9 millj.

Langagerði.



Vel staðsett 114,6 fm. einbýlishús, hæð og ris á þessum eftirsóttu stað í Smábúðahverfinu.

Bílskúrsréttur fylgir eigninni. Samliggjandi stofur. Fjögur herbergi. Lóðin er ræktuð og með hellulagðri verönd. Við inngang hússins er stór flísalagður pallur. Hiti er í palli og í flísalögðum úitróppum.

Eignin er afar vel staðsett efst í botnlanga.

Verð 44,9 millj.

Hegranes- Garðabæ.



Mjög gott 233,9 fm. einlyft einbýlishús á 1.288,0 fm. eignarlóð á Arnarnesinu að meðtöldum 55,7 fm. bílskúr. Tvær rúmgóðar stofur eru í húsinu og fjögur góð svefnherbergi. Stofan er með góðri lofthæð og arinn er í garðstofu. Opið eldhús með fallegri innréttingu úr kirsuberjaviði. Afgirt timburverönd með heitum potti og skjólveggjum sem umlykur húsið á tvo vegu í suður og suðaustur. Innkeyrsla er hellulögð og með hitalögnum.

Verð 69,9 millj.

Goðatún – Garðabæ.



Virkelega fallegt og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk baðhúss á baklóð og stórar útigeymslu. Miklar og skjólgóðar verandir eru á framlóð hússins og baklóð hússins er öll afgirt með víðar- og hellulagðri verönd með heitum potti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanföllum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. Eignin er byggð á vandaðan máta og eru innihurðir og hluti loftaklæðninga úr tekki.

Verð 59,9 millj.

Urðarhvarf 14 - Kópavogi. Heil húseign.



Glæsilegt skrifstofu- og atvinnuhúsnæði, samtals 4.788,3 fm. að stærð, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða heila eign með glæsilegum 300 fm. þaksvölum og um 590 fm. bílageymslu með 24 bílastæðum.

Eignin er til sölu fohkheld.
Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

Víkurhvarf 7 – Kópavogi. Heil húseign.



Glæsileg húseign, samtals 2.863,5 fm. að stærð, miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða skrifstofu- og atvinnuhúsnæði á þremur hæðum með bílakjallara undir. Húsnæðið er rúmlega fohkheld að innan. Samtals verða 83 bílastæði á lóð hússins. Glæsilegt útsýni af þaksvölum að Esjunni og yfir höfuðborgarsvæðið.

Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

NAUSTAVÖR 8 -12 – KÓPAVOGI.

NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör í Bryggjuhverfinu í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 90,3 fermetrum upp í 153,9 fermetra og eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnási og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR.

- Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.
- Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm.
